

**Fundargerð 4. fundar  
Ferða-, safna- og menningarráðs  
haldinn í Ráðhúsinu í Sandgerði,  
17. október 2018 , kl. 18:00.**

**Fundinn sátu:**

Rakel Ósk Eckard formaður, Vitor Hugo Rodrigues Eugenio aðalmaður, Bryndís Einarsdóttir varaformaður, Guðmundur Magnússon aðalmaður, Svavar Grétarsson aðalmaður, Álfhildur Sigurjónsdóttir áheyrnarfulltrúi, Guðjón Þ. Kristjánsson fundarritari, .

**Fundargerð ritaði: Guðjón Þ. Kristjánsson, .**

**1. Gjaldskrár: sameinað sveitarfélag Sandgerðis og Garðs - 1806803**

Tillaga að gjaldskrá lögð fram. Ráðið fjalli um þá gjaldaliði sem heyri undir verkefnasvið þess.

*Afgreiðsla:*

*Ferða- safna- og menningarráðs gerir ekki athugasemdir við gjaldskrá hins sameinaða sveitarfélags.*

*Ferða- safna- og menningarráð bendir hinsvegar á að fara þarf yfir mál er varða umsjón með útleigðum húsum og aðstoð tæknimanna þegar salir eru leigðir út.*

**2. Fjárhagsáætlun 2019 - Ferða- safna- og menningarráð - 1810047**

Starfsmaður lagði fram vinnuþlagg vegna gerðar fjárhagsáætlunar 2019.

*Afgreiðsla:*

*Ferða- safna- og menningarráð gerir ekki athugasemdir við fram lagt vinnuþlagg.*

*Ráðið bendir á nauðsyn þess að farið verið í samráð og stefnumótun í ferða- safna- og menningarmálum strax á nýju ári og óskar efti að gert verði ráð fyrir fjármagni til þess við gerð fjárhagsáætlunar. Stefnumótun í hinum ýmsu málaflokkum verði samræmd hjá bæjarfélaginu.*

**3. Jólin 2018 - 1810050**

Farið var yfir framkvæmdaratriði varðandi tendrun jólaljósa.

Rætt var um hefðir hvað þetta varðaði í báðum bæjarhlutum og hvernig framkvæmdin yrði í sameinuðu sveitarfélagi.

*Afgreiðsla:*

*Ferða- safna- og menningarráð leggur til að tendrun jólaljósa fari fram í báðum bæjarhlutum með sama hætti og verið hefur til þessa.*

**4. Áramót 2018 - 1810050**

Farið var yfir framkvæmdaratriði varðandi áramótabrennu og flugeldasýningu.

Rætt var um hefðir hvað þetta varðaði í báðum bæjarhlutum og hvernig framkvæmdin yrði í sameinuðu sveitarfélagi.

*Afgreiðsla:*

4. fundur Ferða-, safna- og menningarráðs  
19.10.2018

*Ferða- safna- og menningarráð leggur til að björgunarsveitirnar Sigurvon og Ægir verði fengnar til að sjá saman um brennu og flugeldasýningu. Ráðið leggur til að brennan og flugeldasýningin fari að þessu sinni fram í Garði á sama stað og undanfarin ár þar sem staðsetning og aðstæður eru með besta móti fyrir brennu.*

Fundi slitið kl. 19:50.

---